

## Þjónustusamningur

Hafnarfjarðarkaupstaður, kt. 590169-7579, og Listdansskóli Hafnarfjarðar kt: 620120-1110 hér eftir nefnt Listdansskóli gera með sér samning um þjónustu sem félagið leggur fram í bæjarfélaginu.

### I. Umfang samnings

#### 1. gr.

Samningurinn tekur til allrar þeirra þjónustu sem Listdansskólinn veitir íbúum í Hafnarfirði og með hvaða hætti Hafnarfjarðarbær greiðir félaginu fyrir þjónustuna.

Aðalstjórn Listdansskólans ber ábyrgð á framgangi samningsins og fær til þess fast framlag sem ákvarðað er við gerð fjárhagsáætlunar Hafnarfjarðarbæjar ár hvert, skv. 4. gr.

Samningsaðilar skulu funda árlega varðandi framkvæmd þeirrar þjónustu sem Listdansskólinn veitir Hafnfirðingum. Fundirnir skulu fara fram í síðasta lagi í október ár hvert.

### II. Framlag Listdansskóla Hafnarfjarðar

Listdansskólinn býður upp á skipulagða dans- og íþróttþjálfun í Hafnarfirði. Samstarf Hafnarfjarðarbæjar við tómsfundafélög í bænum tekur mið af gildi lista, hreyfingar og íþróttaiðkunar tómsfundu- og íþróttaiðkunar fyrir uppeldis og forvarnarstarf. Markmið Hafnarfjarðarbæjar er að stuðla að því að allir bæjarbúar eigi þess kost að iðka tómsfundir og íþróttir við sem hagstæðust skilyrði óháð efnahag fjölskyldna.

#### 2. gr.

Listdansskólinn skal reka skrifstofu sem fer með yfirstjórn skólans og hefur það meginhlutverk að halda utan um fjárreiður og bókhald mannvirkja og deilda þess eins og lög og samningar gera ráð fyrir. Félagið skuldbindur sig að fara eftir þeim skilmálum sem bærinn hefur sett hvað varðar ársfundareikning, ársreikninga og fjárhagsáætlanir skv. 8. gr. Önnur verkefni skrifstofu eru meðal annars:

- Að sjá um gerð ársskýrslu, sem send er til íþróttafulltrúa Hafnarfjarðarbæjar.
- Að stuðla að auknu samstarfi einstakra deilda félagsins og/eða annarra skóla eða íþróttafélaga varðandi skipulag, fjáraflanir, nýtingu á æfingatíma og annars íþróttastarfs.
- Skipuleggja dans- og íþróttastarf fyrir börn og unglinga þar sem hreyfing, gleði og ánægja fyrir öll börn er í fyrirrúmi.
- Setja upp æfingatöflu sem skal liggja fyrir í lok ágúst ár hvert.
- Ráða þjálfara og bera ábyrgð á skipulagi og framkvæmd þjálfunar barna og unglinga.
- Vekja áhuga foreldra á þátttöku í dans- og íþróttastarfi barnanna.

#### Gæðaviðmið

#### 3. gr.

Listdansskóli Hafnarfjarðar skal starfa í anda stefnuýfirlýsingu ÍSÍ um íþróttir barna og unglinga, hafa skýr markmið og útbúa kennslu- og æfingaskrá þar sem markmið þjálfunar í hverjum aldursflokki fyrir

sig koma fram og áætlun í fræðslu- og forvarnarmálum. Þjálfarar skulu hafa BA gráðu/diplómu í dansi eða 3 ára reynslu sem aðstoðarþjálfari. Aðstoðarþjálfarar skulu vera til staðar ef um stóra hópa er að ræða. Þjálfarar og annað starfsfólk Listdanssskólans sem starfar með börnum og unglingum skulu sækja námskeið um barnavernd sem Hafnarfjarðarbær skipuleggur þeim að kostnaðarlausu. Listdanssskólinn skal sinna til jafns kröfum beggja kynja til íþróttaiðkunar og taka tillit til mismunandi þjóðfélagshópa (fötlun, búseta, þjóðerni, litarháttur). Listdanssskólinn getur sótt um fjárstuðning fyrir stuðningsfulltrúa vegna þátttöku fatlaðra barna í almennum hópum í sjóð sem er í umsjón Hafnarfjarðarbæjar.

Hafnarfjarðarbær og Listdanssskóli Hafnarfjarðar fylgjast með að farið sé eftir gæðaviðmiðum, sjá fylgiskjal 3.

#### **Framlag Hafnarfjarðarbæjar**

4. gr.

Tómstunda- og íþróttafélögum er raðað í átta meginflokka skv. fylgiskjali 1 – „Forsendur fyrir framlagi til félaga“. Forsendur fyrir framlagi til rekstrar skrifstofu tómstunda og íþróttafélaga og þjónustu þess við bæjarbúa fer eftir fjölda iðkenda 0-18 ára í félögum með lágmark 50 iðkendum. Iðkandi er sá félagsmaður í íþrótt- eða ungmennafélagi sem stundar eina eða fleiri íþróttagreinar á vegum félagsins að minnsta kosti einu sinni í viku í 10 vikur. Listdanssskólinn heimilar Hafnarfjarðarbæ að fá beint frá miðlægum gagnagrunni Nora/Sportabler, ópersónugreinanlegar upplýsingar um fjölda iðkenda 18 ára og yngri eftir aldri, kyni og búsetu.

Framlag í flokki II-VIII greiðist með mánaðarlegum greiðslum en árlega í flokk I. Röðun tómstunda- og íþróttafélaga og framlag til þeirra endurskoðast árlega við gerð fjárhagsáætlunar Hafnarfjarðarbæjar og tekur mið að skráðum iðkendafjölda árið á undan.

5. gr.

Hafnarfjarðarbær og Listdanssskólinn hafa heimild til að semja um skólaval fyrir nemendur á unglingastigi. Með því gefst nemendum að velja starf og þátttöku í Listdanssskólanum sem valgrein.

6. gr.

Vegna sumarnámskeiða hefur Vinnuskóli Hafnarfjarðar umboð til að semja við Listdanssskólann um að starfsmenn Vinnuskólans starfi í Listdanssskólanum undir verkstjórn stjórnenda Listdanssskólans sem aðstoðarmenn á sumarnámskeiðum Listdanssskólans.

7. gr.

Frístundabíllinn verður með stoppustöð við skólann.

8. gr.

Listdanssskólinn er starfræktur í eigin húsnæði. Hægt er að sækja um aðstöðu á vegum Hafnarfjarðarbæjar í mannvirkjum bæjarins. Sækja skal um fyrir lok apríl fyrir næsta skólaár til íþróttafulltrúa. Tímafjöldi til úthlutunar ákveður íþrótt- og tómstundanefnd hverju sinni.

#### **Upplýsingaskylda Listdanssskólans og viðurlög**

9. gr.

Listdansskólanum er skylt að halda bókhald vegna rekstrar félagsins sem fært er samkvæmt almennum reikningsskilavenjum. Bókhaldið skal endurskoðað árlega.

Listdansskóli skal skila rekstraráætlun næsta árs til íþróttafulltrúa fyrir 15. september ár hvert.

Listdansskólinn skal skila ársreikningi til íþróttafulltrúa fyrir 15. apríl ár hvert.

#### 10. gr.

Eftirlitsnefnd um fjármál íþrótt- og tómstundafélaga skoðar ársreikninga og rekstraráætlanir félagsins. Á grundvelli ársreiknings og/eða rekstraráætlunar, getur Hafnarfjarðarbær gert athugasemdir, óskað eftir aðgangi að bókhaldsgögnum og viðeigandi fylgiskjöllum, frekari skýringum og komið með aðgerðaráætlun er varðar reksturinn. Verði félagið ekki við umbeðinni upplýsingagjöf eða aðgerðum er bænum heimilt að stöðva greiðslur frá næstu mánaðarmótum eftir skiladag uns úrbætur hafa átt sér stað. Listdansskólinn getur jafnframt óskað leiðréttinga á rekstrarframlagi á grundvelli framlagðra gagna.

#### 11. gr.

Telji íþróttafulltrúi að rekstur Listdansskólans sé ekki samkvæmt samningi þessum, og eins og gildandi lög og reglur gera ráð fyrir, varðandi færslu bókhalds, gæðaviðmið sem sett eru í samningi þessum, reglur um vinnueftirlit, samninga um réttindi og kjör starfsmanna, reglur um heilbrigði og öryggi, skal hann skriflega knýja á um úrbætur á því sem ábótavant er. Verði félagið ekki við þeim tilmælum er Hafnarfjarðarbæ heimilt að stöðva greiðslur samkvæmt samningi þessum frá næstu mánaðarmótum uns úrbætur hafa átt sér stað.

#### 12. gr.

Samningur þessi tekur gildi 1. janúar 2022 og gildir til 31. desember 2025 eða þar til annar hvor samningsaðili óskar eftir endurskoðun/uppsögn með sex mánaða fyrirvara. Við undirritun samnings þessa fellur úr gildi fyrri samningur um rekstrarstyrk frá árinu 2021 milli aðila.

#### 13. gr.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Samningur þessi staðfestur hér með í votta viðurvist.

Hafnarfirði, 30. mars 2022

Fh. Listdansskóli Hafnarfjarðar  
með fyrirvara um samþykki aðalstjórnar

Fh. Hafnarfjarðarbæjar  
fyrirvari um samþykki bæjarstjórnar

\_\_\_\_\_

Vottar að rétttri dagssetningu og undirskrift aðila:

## Fylgiskjal 1: Forsendur fyrir framlagi til félaga

Fjöldi iðkenda 0-18 ára samkvæmt Felixgögnum/Sportabler ráða flokkun íþróttafélaga.

Matrixa	
Iðkendur	Flokkur
>50	I
>75	II
>150	III
>200	IV
>300	V
>700	VI
>1.000	VII
>1.500	VIII

Félag með fleiri en 50 iðkendur fer í flokk I

Félag með fleiri en 75 iðkendur fer í flokk II

Félag með fleiri en 150 iðkendur fer í flokk III

Félag með fleiri en 200 iðkendur fer í flokk IV

Félag með fleiri en 300 iðkendur fer í flokk V

Félag með fleiri en 700 iðkendur fer í flokk VI

Félag með fleiri en 1000 iðkendur fer í flokk VII

Félag með fleiri en 1.500 iðkendur fer í flokk VIII

## Fylgiskjal 2: Framlag 2022

<b>Matrixa</b>		
<b>Iðkendur</b>	<b>Flokkur</b>	<b>Listdansskólinn</b>
>50	I	550.242 kr.
>75	II	1.535.555 kr.
>150	III	2.520.868 kr.
>200	IV	3.506.182 kr.
>300	V	4.491.495 kr.
>700	VI	6.769.447 kr.
>1.000	VII	8.560.926 kr.
>1.500	VIII	10.352.405 kr.

## Fylgiskjal 3: Gæðaviðmið

		Til staðar í fjölda deilda	Einkunn	Vægi
<b>1 Skipulag félags /deildar</b>				
a	Starfað er í samræmi við stefnuyfirlýsingu ÍSÍ um íþróttir barna og unglinga	1	100%	4,00%
b	Skipurit er til staðar	1	100%	3,00%
c-1	Markmiðssetning félags/deildar er skýr	1	100%	1,00%
c-2	Markmiðssetning félags/deildar er til opinberlega	1	100%	1,00%
d-1	Starfsskýrslu til ÍSÍ hefur verið skilað	1	100%	3,00%
d-2	Hefur haldið aðalfund og skilað gögnum af honum til íþróttafulltrúa Hafnarfjarðar og ÍBH	1	100%	3,00%
<b>Samtals hlutfallseinkunn fyrir fyrsta hluta</b>				
<b>2 Fjármálastjórn:</b>				
		Til staðar í fjölda deilda	Einkunn	Vægi
a.	Bókhald yngri og eldri flokka er aðskilið	1	100%	7,00%
b. -1	Fjárhagsáætlun fyrir rekstrarárið liggur fyrir	1	100%	4,00%
b. -2	Fjárhagsáætlun fyrir rekstrarárið hefur verið skilað inn til íþróttafulltrúa	1	100%	4,00%
<b>Samtals hlutfallseinkunn fyrir annan hluta</b>				
<b>3 Þjálfun og umgjörð þjálfunar og keppni</b>				
		Til staðar í fjölda deilda	Einkunn	Vægi
a	Félagið hefur látið útbúa kennsluskrá/námsskrá	1	100%	5,00%
b	Samráðsfundir eru haldnir á meðal þjálfara inn hverrar deildar að lágmarki einu sinni á önn	1	100%	2,50%
c	Æfingatafla liggur fyrir í ágúst ár hvert (til staðar í öllum deildum)	1	100%	2,50%
d	Aðalþjálfari hvers flokks hefur menntun samkvæmt kröfum ÍSÍ	1	100%	5,00%
<b>Samtals hlutfallseinkunn fyrir þriðja hluta</b>				
<b>4 Félagstarf</b>				
		Til staðar í fjölda deilda/fl okkum	Einkunn	Vægi
a-1	Starfandi er formlegt foreldrasamstarf (t.d. Foreldraráð)	1	100%	5,00%
a-2	Verksvið foreldrasamstarfs er skilgreint	1	100%	4,00%
b	Ungt fólk 16-25 ára á fulltrúa/áheyrnaraðila í stjórn félagsins eða félagið er með starfandi ungmennaráð	1	100%	5,00%
c	Áætlun um félagstarf liggur fyrir	1	100%	4,00%
d	Félagið hefur mótað sér stefnu í fræðslu- og forvarnarmálum	1	100%	5,00%
e	Félagið hefur mótað sér stefnu í umhverfismálum	1	100%	2,00%
<b>Samtals hlutfallseinkunn fyrir fjórða hluta</b>				
<b>5 Jafnréttismál</b>				
		Til staðar í fjölda deilda	Einkunn	Vægi
<b>Félag sinnir til jafns kröfum beggja kynja til íþróttaiðkunar</b>				
a-1	Eitt kyn má að hámarki vera vera allt að 70% stjórnarmeðlima m.v. aðalfund 2021	1	100%	11,00%
a-2	Eitt kyn má að hámarki vera vera allt að 60% stjórnarmeðlima m.v. aðalfund 2022	1	100%	11,00%
a-3	Kynin fá jafnmargar æfingar miðað við aldur	1	100%	2,00%
a-4	Tímasetningar æfinga eru sambærilegar milli kynja	1	100%	2,00%
a-5	Aðstaða og verðlaun eru sambærileg á milli kynja	1	100%	2,00%
<b>Tekið er tillit til mismunandi þjóðfélagshópa</b>				
b-1	Tekið er tillit til iðkenda af erlendu bergi brotnu	1	100%	3,00%
b-2	Tekið er tillit til iðkenda með bága fjárhagsstöðu	1	100%	2,00%
c	Tekið er tillit til fötlunar iðkenda með stuðningi	1	100%	3,00%
d	Að lágmarki einn nýr aðili frá félaginu hefur fengið fræðslu frá barnavernd á vegum Hafnarfjarðarbæjar	1	100%	5,00%
<b>Samtals hlutfallseinkunn fyrir fimmta hluta</b>				

Íþróttafulltrúi og ÍBH vinna að eftirfylgd samningsins og gera með sér samkomulag um verksvið hvors aðila. Mat á framkvæmd samningsins skal meðal annars miðast að því að meta hvort íþróttafélag uppfylli ofangreindan matslista. Ef íþróttafélag uppfyllir ekki 90% atriða skal gefa viðkomandi íþróttafélagi tímabundið tækifæri til úrbóta. Verði að þeim fresti loknum ekki búið að uppfylla nægilegan hluta viðmiða hættir Hafnarfjarðarbær að greiða viðkomandi félagi greiðslur vegna þjónustusamnings þangað til ný úttekt hefur farið fram.